

Svanborg R. Jónsdóttir,
Stóra-Núpi 1
Gnúpverjahreppi
801 Selfoss

Umsögn um þingmál tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Stóra-Núpi 6.maí 2012

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár

Það var mikil framför að flytja neðri hluta Þjórsár og umhverfi hennar úr nýtingarflokki í biðflokk en bæri vitni framsýni og langtímaávinningi að færa þá kosti í verndarflokk.

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár myndu valda skaða á náttúru, landslagi, umhverfi og spilla menningu samfélagsins og eitra það. Ég kynntist samfélaginu í Gnúpverjahreppi fyrir tæpum 40 árum og hef búið þar síðan – og komst að því að hér hefur mótast menning sem býr að ríkulegri umhverfisvitund og ást á náttúrunni. Rannsóknir á samfélagsþáttum hafa ekki verið gerðar en líkur benda til að virkjanir muni hafa splundrandi áhrif á samfélög amk. vestan Þjórsár.

Áform um virkjanir í Þjórsá í byggð, Holtavirkjun, Hvammsvirkjun og Urriðafossvirkjun hafa valið miklum deilum og ágreiningi hjá íbúum við Þjórsá – milli fólks sem er annt um verndun náttúrunnar þar í kring og þeirra sem sjá náttúruna eingöngu sem leið til að sækja skammvinnan gróða.

Rúmir 900 hektarar af grónu landi fara undir lón, þar af 279 hektarar af votlendi ef virkjanir í neðri Þjórsá yrðu að veruleika. Gróið land fer einnig undir önnur mannvirki sem fylgja virkjununum, s.s. vegi og haugstæði. Við þetta skerðist landbúnaðarland, bæði tún og beitolnd. Urriðafossvirkjun ein snertir 20 jarðir.

Útivistarsvæði sem íbúar Gnúpverjahrepps og ferðamenn hafa notið í gönguferðum, útreiðum og lengri og skemmri hestaferðum, myndu skerðast verulega og sum eyðileggjast þar sem lónið við Haga myndi sökkva þeim og eftir væru háir óaðlaðandi flóðgarðar til að ferðast um.

Einn tilvistarþáttur sem snertir mig og mína nágretta er sá að áin hefur verið okkur boðberi veðurbreytinga og ákveðinna vindátta. Þegar sunnanvindurinn blæs heyrum við

Í ánni alveg heim á hlað á Stóra-Núpi okkur til ánægju og gleði og þegar ég heyri í ánni minnst ég meðal annars horfins nágranna míns Atie Bakker í Skaftholti sem elskaði þessi náttúruhljóð eins og ég. Uppistöðulón við Haga og virkjun myndi fjarlægja ána að stærstum hluta úr árfarveginum á móts við Núpsbæina og Skafholt og þar fyrir neðan og þagga þessi náttúruhljóð í leiðinni – þar með yrði Þjórsár þúsund ára rödd þöggðu að eilífu – í okkar tilveru og ófæddra afkomenda okkar allra.

Þrjár fossar í Þjórsár munu við fyrirhugaðar þrjár virkjanir rýrast eða hverfa. Þ.e. Búði, Hestfoss og Urriðafoss. Eyjar verða kaffærðar en aðrar standa nánast á þurru í farvegi árinna. Eyjuni Árnosi sem Árnassýsla er kennd við yrði að hluta til sökk í lón. Landslagi og náttúru við ána verður umturnað allt frá Gaukshöfða í Þjórsárdal niður fyrir Urriðafoss í Flóa, sem eru rúmlega 40 km. Rannsóknir á eyjuni Árnosi og umhverfi Þjórsár í grenndinni svo sem við Búða hafa ekki verið gerðar en vitað er þar um merkilegar mannvistarleyfar og sögustaði svo sem tillaga til þingsályktunar “140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 84 — 84. mál” ber vitni um. Eins og flytjendur tillögunar segja er þar um að ræða merkilegar fornleifar en þær færu forgörðum að miklu eða öllu leyti við virkjun: “ Full ástæða er til og löngu tímabært að gera ítarlegar rannsóknir með uppgreiftri fornleifafræðinga bæði í Árnosi og við Búða. Með ólíkindum má telja að þessum sögustöðum tveimur hafi enginn sómi verið sýndur í tímans rás þrátt fyrir að sýnilegar fornar rústir séu á báðum stöðum.” Þarna er eitt dæmi um menningu og sögu sem yrði ekki aðeins kaffærð og burtmáð heldur yrði líka möguleikum til uppbyggingar annarra nýtingarmöguleika svo sem grænnar ferðamennsku í tengslum við þessar merkilegu rætur okkar útilokaðir.

Engar rannsóknir voru heldur gerðar á lífríki þessara eyja í mati á umhverfisáhrifum á sínum tíma en nú liggur fyrir rannsókn á Viðey í Þjórsá. Rannsóknin sýndi að eyjan býr yfir merkilegum gróðri sem er sjaldgæfur á landsvísi og á Suðurlandi og er fræbanki fyrir upprunalegar gróðurtegundir. Uppistöðulón við Haga og virkjun myndi fjarlægja náttúrulega vernd eyjunnar sem nú hefur verið friðuð og engar girðingar gætu veitt samskonar vernd og áin, og erfitt að girða í stórgryttum árbotninum auk þess sem þær yrðu sannarlega ekki til að auka fegurð í landslaginu.

Í Þjórsá er umtalsverður villtur laxastofn og þar finnast allar tegundir ferskvatnasfiska sem lifa á Íslandi. Árleg laxveiði í Þjórsá er síðustu árin eru 7000-9000 laxar. Einnig gengur lax upp í þverár Þjórsár meðal annars í Kálfá í Gnúpverjahreppi. Lífríki Þjórsár er einstakt að fjölbreytni en virkjanir stefna því í voða. Virkjanir og stíflur raska vatnafari, búsvæði og göngum laxfiska og eru afdrifarík fyrir fiskgegnd í ám, ekki síst í ám með

sjógöngustofna. Virkjanir í Þjórsá hafa í för með sér að árfarvegurinn færi á löngum köflum undir lón en annarsstaðar verður vatnsrennslið mjög lítið, kvíslar yrðu stíflaðar og breytingar gerðar á farveginum.

Virkjanir í Þjórsá stefna náttúrufræðingum í voða og rjúfa þá friðsæld sem ríkir við ána. Framkvæmdirnar sem þeim fylgja yrðu á einu öflugasta landbúnaðarsvæði Íslands og í nánasta umhverfi manna. Þrengt verður að landbúnaðarlandi, með lónum, vegum og öðrum framkvæmdum sem fylgja. Land til matvælaframleiðslu verður stöðugt dýrmætara í heiminum með fyrirsjáanlegri fjölgun mannkyns. Árniður og kliður fossanna þagnar, sem er hluti af náttúruupplifun sveitanna.

Þjórsá eins og hún er virkar sem örugg sauðfjárveikivarnargiriðing á milli Árnes- og Rangárvallasýslu. Sauðfjársjúkdómar eru enn raunveruleg ógn við rekstur og afkomu sauðfjárbúa og skiptir máli hver hlekkur sem veiktur er í þeirri lífkeðju. Með tilkomu virkjana verður þessi náttúrulega sauðfjárveikivörn ónýt og yrði því að girða með árbökkum beggja vegna árinna. Slík girðing myndi spilla útliti landsins og skemma gönguleiðir með ánni og er auk þess aldrei algerlega held.

Ekkert liggur fyrir um kælandi áhrif jökullóna í byggð. Kæling af stórum lónum er lífeðlisleg staðreynd þó ekki sé vitað í hve miklum mæli hún myndi hafa áhrif á umhverfi lónanna. Virkjanir, lón og önnur mannvirki sem eru áætluð með þessum virkjunum yrðu öll á þétttriðnu sprungubelti á Suðurlandi. Flekaskil liggja um Suðurlandsundirlendið og liggja sprungurnar þvert yfir flekaskilin. Sprungubeltinu fylgja jarðskjálftar og sprungusvæðið liggur undir öllum lónunum þremur sem hlýtur að þýða áhætta sem telur á móti fýsileika framkvæmdanna.

Urriðafossvirkjun

Urriðafossvirkjun verður að færa úr biðflokki yfir í verndarflokk.

Í Þjórsá eru nær öll bestu búsvæði laxastofnsins ofan við Urriðafoss og á stöðum þar sem ráðgert er að virkja. Framkvæmdaaðili hefur kynnt ýmsar mótvægisáðgerðir til að forða hruni fiskstofna í ánni en þær hafa verið gagnrýndar og dregið hefur verið í efa að þær virki í jökulánni Þjórsá.

Hvammsvirkjun og Holtavirkjun

Þjórsá og svæðið sem umlykur hana verður að friða með því að færa virkjunarkosti Hvamms- og Holtavirkjunar úr biðflokki í verndarflokk.

Á löngum köflum verður Þjórsá veitt úr farvegi sínum og eftir mun verða grátt og lífvana svæði. Meðalrennsli í farveginum minnkar verulega. Við það skapast fokhætta úr þurrum farvegi með svifryksmengun og rofhættu á gróðursvæðum í kring. Mótvegisaðgerðir munu ekki skila þeim árangri sem bætir fyrir þann skaða sem mun verða af virkjununum.

Nýting náttúrunnar fremur en hugvits – hinn taumlausí tíðarandi – ákall til þingmanna

Almennt má segja að núverandi sýn alltof margra beinist að því að nýta náttúruna á fremur frumstæðan hátt og að slík hugsun loki fyrir annarskonar nýtingu hennar og líka fyrir aðrar nýjar hugmyndir um það að lifa góðu lífi í anda sjálfbærni – þetta er eitt merki um hinn taumlosa tíðaranda sem hefur tilhneigingu til að sjá bara gömlu lausnirnar í löngun sinni til skjótfengins gróða.

Dæmi um þennan hugsunarhátt er til dæmis þegar fólk sér Reykjanesfjallgarð sem ónýtt virkjunarkosti og ósjálfbæra stóriðju þegar: “Miklu betri hugmynd en virkjun er þegar fyrir hendi: Eldfjallagarður á Reykjanesi – ekki fyrir stóriðju heldur fyrir íbúa landsins, ferðamenn og komandi kynslóðir óháðar landamærum” (Gunnar Hersveinn). Þannig að meðan að hugsunarhátturinn er sá að græða stórkostlega á stuttum tíma í stað þess að hugsa lengra fram á við og að fara hægar þá útilokast bæði aðrar hugmyndir sem þegar eru til staðar og svo ekki síst þær sem ennþá eru ófæddar en verður ekki kallað eftir meðan svona blinda ræður för.

Við eigum mikið óvirkjað hugvit sem hægt er að rækta – frá því að börnin okkar eru ennþá uppfull af skemmtilegum hugmyndum og sköpunarkraftur þeirra óbeislaður. Ég hvet þingmenn til að hugsa lengra, hugsa stærra og metnaðarfyllra í merkingunni ábyrgara og framsýnna þegar þeir ákvarða hvort eigi að virkja náttúrusvæði og raska þeim. Nýsköpun hefur sannað gildi sitt fyrir samfélagið okkar og er ekki bara óljós óskhyggja þeirra sem vilja fara varlega í nýtingu á náttúrunni – hæfileika til slíkrar verðmætasköpunar á að rækta í fólkinu okkar en ekki að ráðast á náttúruna á þann hátt sem okkur hefur hingað til þótt vera sjálfsagt, það er hugsunarháttur sem beinlínis hindrar nýsköpun og grænan hagvöxt. Við eigum að virkja hugvit meira og finna leiðir til að vernda náttúruna og endurheimta, þar sem hún verður verðmætari ósnortin með hverjum deginum sem líður.

